

Fundur haldinn 24. febrúar 2016 kl. 12:00. Mættir: Jón Þórðarson formaður, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson.

## Dagskrá fundarins.

### 1. Málefni fatlaðs fólks

Drög að reglugerð um framlög í málaflokki fatlaðs fólks 2016.

Farið yfir umsögn stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og drögin rædd.

Staðan á svæðinu, m.v. fjárhagsuppgjör 2015 í málaflokknum rædd svo og fyrsta áætlun

Jöfnunarsjóðs um framlög fyrir árið 2016. Halli þjónustusvæðisins m.v. tekjur voru rúmar 24 milljónir að teknu tilliti til leiðréttingarinnar sem var ákveðin í janúar sl. Forstöðumaður mun láta taka saman upplýsingar um þjónustu svæðisins s.s. um fjölda notenda o.fl.

Samþykkt að kaupa rannsókn Félagsvísindastofnunar HÍ, um flutningur þjónustu fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Kostnaður kr. 300.000,- 30% afsláttur = 260.000,- Jöfnunarsjóður mun endurgreiða hluta kostnaðarins.

### 2. Notendaráð, aðstoð við notendur í notendaráði.

Verið er að vinna drög að viðmiðunarreglum vegna notendaráðs skv. framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks, en styrkur frá Velferðarráði til verkefnisins hefur þegar verið greiddur, kr. 700.000,-.

### 3. Samkomulag um millifærslu á fjármunum v atvinnumála fatlaðs fólks.

Samkomulagið sem var undirritað 14. janúar 2016 af Vinnumálastofnun, Velferðarráðuneyti, Innanríkisráðuneyti vegna Jöfnunarsjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, kynnt og rætt.

### 4. Önnur mál.

Málefni sérfræðiþjónustu A-deildar rædd, s.s. biðlista eftir sálfræðiþjónustu og vaxandi kröfur til sveitarfélaga um þjónustu o.fl. Forstöðumaður mun taka saman upplýsingar um biðlista.

Forstöðumaður sagði frá stöðu verkefnisins *Bættur námsárangur á Austurlandi*, verkefnið gengur vel og skv. áætlun. Verið er að undirbúa námskeið fyrir bæði skólastigin næsta haust.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:20.

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson